

Fimmtudaginn 3. september 1998.

Nr. 283/1998.

Ákærvaldið

(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)

gegn

Baldri Stefáni Svavarssyni

(enginn)

Kærumál. Viðurlagaákvörðun. Málsvarnarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. júlí sl. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júní 1998 um að ljúka málinu samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með nánar tilgreindum viðurlögum á hendur varnaraðila og greiðslu málsvarnarlauna úr ríkissjóði, að fjárhæð 30.000 krónur. Kæruheimild er í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991. Sóknaraðili krefst þess, að felld verði úr gildi fyrrnefnd ákvörðun héraðsdómara um málsvarnarlaun, bæði um fjárhæð og greiðslu þeirra úr ríkissjóði.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík á hendur varnaraðila 2. júní 1998. Þar var þeim síðarnefnda gefið að sök að hafa brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987 með því að hafa aðfaranótt 29. nóvember 1997 kastað af sér vatni utan í hús Landsbanka Íslands í Hafnarstræti í Reykjavík. Málið var fyrst tekið fyrir að viðstöddum ákærandi á dómþingi 10. júní 1998. Lýsti héraðsdómari því þar, að nafngreindur hæstaréttarlögmaður hefði haft samband við sig og sagt varnaraðila vera í fangelsi. Hafi lögmaðurinn greint frá því, að varnaraðili hygðist halda uppi vörnum í málinu, og óskaði hann eftir fresti. Lögmaðurinn var skipaður verjandi varnaraðila í þinghaldinu og málinu frestað að því búnu. 23. sama mánaðar kom varnaraðili fyrir dóm ásamt verjanda sínum. Gekkst þá varnaraðili við sakargiftum og féllst á boð ákærandi um að ljúka málinu með greiðslu sektar, að fjárhæð 5.000 krónur, að viðlagðri nánar til-

greindri vararefsingu. Héraðsdómari lýsti því, að hann teldi viðurlögin hæfileg, og ákvað, að málsvarnarlaun verjanda varnaraðila skyldu vera 30.000 krónur og greidd úr ríkissjóði. Var málinu þannig lokið.

Framangreind ákvörðun héraðsdómara um málsvarnarlaun er fjarstæð, bæði um fjárhæð og greiðslu þeirra úr ríkissjóði. Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 verður hin kærða ákvörðun um lok máls sóknaraðila á hendur varnaraðila því felld úr gildi að þessu leyti og lagt fyrir héraðsdómara að taka að nýju ákvörðun um málsvarnarlaun.

D ó m s o r ð:

Felld er úr gildi hin kærða ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júní 1998 um málsvarnarlaun í máli ákærvaldsins á hendur varnaraðila, Baldri Stefáni Svavarssyni, og lagt fyrir héraðsdómara að ákveða þau að nýju.

Ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júní 1998.

Ár 1998, þriðjudag 23. júní, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara.

Fyrir er tekið sakamálið nr. 563/1998: Ákærvaldið gegn Baldri Stefáni Svavarssyni.

Kominn er í dóminn fyrir ákærvaldið Þorsteinn Skúlason, fulltrúi við embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Kl. 9.15 kemur í dóminn ákærði, Baldur Stefán Svavarsson, kt. 131072-5549, Vallarhúsum 40, Reykjavík. Með ákærða er Hilmar Ingimundarson hrl., skipaður verjandi hans. Sækjandi gerir grein fyrir ákæru. Gætt er ákv. 3. mgr. 32. gr. oml.

Ákærði kveður ákæru að öllu leyti rétta, og viðurkennir að hafa kastað af sér vatni utan í hús Landsbanka Íslands í Hafnarstræti 29. nóvember sl. Ákærði vill taka fram, að hann hafi ekki fengið sáttaboðið, sem frammi liggur í málinu.

Brot ákærða varðar við 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 10. gr., sbr. 32. gr. lög-reglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987, sbr. 1. gr., a-lið 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. laga um lögreglusamþykktir nr. 36/1988, sbr. áður lög nr. 1/1890.

Ákærandi leggur til, að málinu verði lokið samkvæmt 1. mgr. 124. gr. oml. með því, að ákærði greiði 5.000 kr. sekt í ríkissjóð að viðlagðri tveggja daga varðhaldsvist, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærði kveðst vilja gangast undir þessi viðurlög og samþykkir auk þess að greiða allan sakarkostnað. Dómari ákveður, að þóknun til verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 30.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði, og telur þetta hæfileg málalok að öðru leyti.
